

Ársskýrsla

Knattspyrnudeild Skallagríms 2024

Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2024 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Á aðalfundi knattspyrnudeildar árið 2024 fundinum var kosinn formaður, fimm fulltrúar í barna- og ungmennaráð og fjórir fulltrúar í meistaraflokksráð. Formaður var kjörinn Páll S. Brynjarsson. Í barna- og ungmennaráð voru kjörin; Heiðrún Halldórsdóttir, Oddný Böðvarsdóttir, Íris Gunnarsdóttir, Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Anna Heiða Baldursdóttir. Í meistaraflokksráð voru kjörnir; Haraldur Már Stefánsson, Elvar Atli Guðmundsson, Andri Már Margrétarson og Guðjón Gíslason. Andri Már vék úr ráðinu og tók Eiður Sigurðsson sæti hans. Í aðalstjórn tóku sæti auk formanns, Íris Gunnarsdóttir, Oddný Böðvarsdóttir, Haraldur Már Stefánsson og Elvar Atli Guðmundsson.

Jón Theodór Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar á árinu og í raun má segja að það sé ómetanlegt að hafa framkvæmdastjóra við störf.

Meistaraflokkur Skallagríms

Meistaraflokkur karla hjá Skallagrími lék í 4. deild sumarið 2024. Fyrir sumarið tímabilið var Scott Bowen ráðin þjálfari liðsins en eftir slakt gengi var ákveðið að segja Scott upp og við tóku leikmennirnir Declan Redmond og Carlos Saavedra við liðinu. Verkefni nýrra þjálfara var að bjarga liðinu frá falli og það sáust strax miklar framfarir hjá liðinu. Tímabilið fór þó þannig að liðið féll úr 4.deildinni.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 202⁴₃. Um 170 iðkendur mættu á æfingar hjá okkur á árinu, en undanfarið hafa iðkendur á bilinu 150 til 170. Jón Theodór Jónsson, Fabian Jan og Aðalheiður Kristjánsdóttir störfuðu sem þjálfarar. Þá komu nokkrir ungir og efnilegir leikmenn að þjálfun og aðstoðuðu aðalþjálfarana.

Yngstu iðkendur í 6 og 7 flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2024 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. 5 flokkur stráka tók þátt í Íslandsmótinu, Faxaflóamótinu og N1 mótinu. 5 flokkur stelpna tók þátt í Íslandsmóti, TM mótinu og á Síamótinu.

Það er mjög ánægjulegt að sjá hve vel starfið í yngri flokkunum hefur gengið undanfarið. Sérstaklega höfum við séð starfið hjá stelpunum eflast og í dag eigum við mjög efnilega yngri flokka.

Lokaorð